



Fundargerð

445. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps,
Þriðjudaginn 21. jan. 2020 kl. 15:00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt eru; Ingimar Ingimarsson (II), Árný Huld Haraldsdóttir(ÁHH), Embla Dögg B. Jóhannsdóttir(EDBJ), Jóhanna Ösp Einarsdóttir(JÖE) og Ágústa Ýr Sveinsdóttir(ÁÝS) auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 3 blaðsíður.

Oddviti II bauð fólk velkomið og setti fund. Hann óskaði eftir að taka á dagskrá; *Kjör varamanns í stjórn Byggðasamlags Dala, Reykhóla og Stranda um brunavarnir og drög að mannauðsstefnu Reykhólahrepps*, undir önnur mál og *fund stjórnar Barmahlíðar frá 20. jan 2020*, undir fundargerðir.

Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

Fundargerðir sveitarfélagsins.

1. Skipulags-, húsnaðis- og hafnarnefnd frá 15. janúar 2020:

JÖE fór fundargerðina.

Vegna 2. liðar, tilboð í úttekt veitukerfa, samþykkir sveitarstjórn liðinn og felur sveitarstjóra að ganga frá samningi við Verkís.

Vegna 8. liðar, a) aðalskipulagsbreyting v/ vatnsaflsvirkjunnar í Garpsdal og b) deiliskipulagsbreyting v/ vatnsaflsvirkjunnar í Garpsdal staðfestir sveitarstjórn tillögu skipulagsnefndar og að umræddar breytingartillögur verði auglýstar.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

2. Mennta- og menningarmálanefnd frá 16. janúar 2020:

Formaður nefndarinnar ÁHH fór yfir fundargerðina.

Vegna 3. liðar fundargerðar frá 16. jan. um heilsuefnlandi samfélag, staðfestir sveitarstjórn liðinn og felur sveitarstjóra að ganga frá umsókn til Embættis landlæknis.

Vegna 4. liðar um íþrótt- og tómstundakort staðfestir sveitarstjórn breytingar á reglugerð.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

3. Stjórn Barmahlíðar frá 13. og 20. janúar 2020:

EDBJ fór yfir fundargerðina.

Sveitarstjórn staðfestir 1. og 2. lið síðari fundargerðarinnar.

Fundargerðirnar staðfestar af sveitarstjórn.

4. Bruna- og almannavarnanefnd frá 10. janúar 2020:

ÁHH fór yfir fundargerðina.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

5. Umhverfis- og náttúruverndarnefnd frá 16. janúar 2020:

EDBJ fór yfir fundargerðirna.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

Mál til afgreiðslu.

6. Forkaupsréttur - Minjavernd:

Lagt fram bréf Þórðar Bogasonsar hrl., dags. 6. jan. 2020, fyrir hönd Minjaverndar hf. vegna forkaupsréttarákvæðis varðandi sölu á eignum þess, Stóra Pakkhúsi, Eyjólfsþakkhúsi, Samkomuhúsi, Friðheimum og Bryggjuskúr, sem allar eru í Flatey á Breiðafirði.

Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti.

7. Samningur um jafnlaunavottun:

Sveitarstjóri kynnti samning við iCert ehf. vegna jafnlaunavottunar.

8. Reykhólahöfn - dýpkun:

Lögð fram verk- og kostnaðaráætlun frá Vegagerðinni vegna dýpkunar Reykhólahafnar. Áætlaður kostnaður samkvæmt tilboði frá Hagtaki er upp á 36.750.000 kr. og fellur 10% kostnaðar á Reykhólahöfn.

Lengi hefur staðið til að dýpka höfnina og fagnar sveitarstjórn að nú skuli ráðist í verkið.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir að gera svohljóðandi breytingu á fjárhagsáætlun Reykhólahrepps fyrir árið 2020:

Lagt er til að setja 3.650.000 kr. í verkkaup hafnarinnar vegna dýpkunar og verði fjármagn tekið af áætluðum rekstrarafgangi þessa árs sem verði eftir breytingar 41.015.000 kr.

Sveitarstjórn samþykkir áætlunina.

9. Kötluland - uppsögn:

Lögð fram uppsögn á leigusamningi um jörðina Kötluland.
Sveitarstjóra falið að ræða við viðkomandi.

Mál til kynningar:

10. Átakshópur um innviðamál:

Lögð fram.

11. Sameining sveitarfélaga - lögpvinganir:

Umræðan kynnt.

Önnur mál:

12. Kjör varamanns í stjórn Byggðasamlags Dala, Reykhóla og Stranda um brunavarnir:

Lagt til að Árný Huld Haraldsdóttir verði varamaður í nefndinni.
Samþykkt samhljóða.

13. Drög að mannauðsstefnu Reykhólahhrepps:

JÖE fór yfir drög að mannauðsstefnu fyrir sveitarfélagið.
Samþykkt að senda hana út til umsagnar hjá nefndum og forstöðumönnum.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.16:50
